

Tungusilungur ehf  
Strandgötu 39  
460 Tálknafjörður

Reykjavík, 21. október 2020  
UST202003-255/H.S.J.  
08.12.02

### **Efni: Samþykkt úrbótaáætlun**

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 31. ágúst sl. þar sem kallað var eftir uppfærðri tímasettri áætlun um úrbætur vegna frávíka er skráð voru í eftirliti stofnunarinnar árið 2016 og 2018. Áður samþykktar úrbótaáætlanir rekstraraðila, sem samþykktar voru með bréfi stofnunarinnar, dags. 15. apríl 2019 og 13. september 2019, hafa ekki gengið eftir.

### **Frávikin eru eftirfarandi:**


1. Gr. 3.1 í starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi. Engin hreinsun er á frárennsli frá stöðinni. Lágmarkshreinsun á frárennsli er fyrsta þreps hreinsun, sbr. gr. 3.1. starfsleyfisskilyrða fyrir fiskeldi á landi. Í bréfi Umhverfisstofnunar þann 13. september 2019 var fallist á úrbótaáætlun rekstraraðila vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar þar sem útbúa átti hreinsun á frárennsli frá stöðinni. Verklok voru áætluð í lok sumars 2020. Skv. upplýsingum frá rekstraraðila þann 10. september sl. og úrbótaáætlun dags. 27. september sl. eru áætluð verklok nú um sumar 2021. Þá er áætlað að lokið verði uppsetningu settanka og hæðarstýringar vatns við stærstu eldiskerin, bæði á Keldeyrarsvæði og við Hvítalæk. Rekstraraðili áætla að framvegis verði slík hæðarstýring sett upp við öll ný og stærri eldiker. Einnig stendur til að endurnýta vatn úr minni kerjum í þau stærri á báðum svæðum.
2. Gr. 2.5 í starfsleyfisskilyrðum. Net yfir fiskikörum voru víða rifin og slitin þannig að aðgangur fugla og annarra meindýra að fiskikörum var ekki nægilega hindraður í samræmi við kröfur í starfsleyfisskilyrðum. Í bréfi stofnunarinnar þann 15. apríl 2019 var fallist úrbótaáætlun rekstraraðila. Áætluð verklok yfirbyggingar kerja voru áætluð nú í vor 2020. Skv. upplýsingum frá rekstraraðila þann 10. september sl. og 12. október sl. hefur ekki verið klárað að byggja yfir ker en net hafa verið löguð og aðgengi fugla að kerjum sé því hindrað með fullnægjandi hætti. Enn standi þó til að tjalda yfir kerin þar sem góð reynsla sé af því m.t.t. líðan fisks og endingartíma búnaðar. Það hafi frestast vegna annarra framkvæmda og Covid19.


Umhverfisstofnun fellst á uppfærða úrbótaáætlun rekstraraðila en óskar eftir því að upplýsingar um framvindu framkvæmda verði sendar eftirlitsaðila fyrir 1. júní 2021. Jafnframt er gerð krafa um að allar fyrirhugaðar breytingar á áætlun þessari verði bornar undir sérfræðinga stofnunarinnar til samþykktar.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

  
Hulda Soffía Jónasdóttir  
sérfræðingur

  
Helga Rut Arnarsdóttir  
lögfræðingur

**Afrit:** Heilbrigðisnefnd Vestfjarða